

Alþingi
Erindi nr. P 127/557
komudagur 2.1.2002



Reykjavík, 18. desember 2001

Félagsmálanefnd Alþingis
b/t Hildar Njarðvík, ritara
150 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir við
tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs**

KFUM og KFUK fagnar því að fram skuli vera komin tillaga sem virðist hafa það að markmiði að efla félagslegt forvarnarstarf. Jafnframt þökkum við þetta tækifæri til að bregðast við framkominni tillögu. Hér á eftir eru nokkrar athugasemdir frá félögnum:

1. Tillagan sjálf er óljós

Okkur virðist sem þarna sé verið að leggja til að unnin verði rammaáætlun um eflingu félagslegs forvarnarstarfs. Þessi rammaáætlun á að fela í sér:


- a) Úttekt á því félagsstarfi sem fyrir er og
- b) Tillögugerð um með hvaða hætti vænlegast sé að efla félagsstarf þannig að árangur náist. Síðan er lagt til að til þessa skuli verja allt að 75 milljónum króna á árinu 2001 (sem reyndar er nær líðið) og síðan allt að 200 milljónum árlega í fimm ár. Spurningin er - á allt þetta fé að fara í rammaáætlun, úttekt og tillögugerð - eða á að verja þessu fé til að framkvæma í samræmi við niðurstöður úttekta og tillögugerða. Þetta orðalag "framkvæmd átaksins" er villandi. Við hljótum að gera ráð fyrir að það fé sem þarna er verið að ræða um, fari ekki bara í áætlana- og tillögugerð heldur fari í vasa þeirra sem eru að vinna að slíku starfi svo það komi unglíngunum beint til góða.

2. Athugasemdir við greinagerðina.

Þegar greinagerðin með tillögunni er skoðuð vekur athygli að langstærstur hluti hennar fer í að ræða um félagsmiðstöðvar sem sveitafélögin reka og mikilvægi þeirra í félagslegu forvarnarstarfi. Af henni mætti skilja að megintilgangurinn með þingsályktunartillögunni væri sá að fá viðbótarfé til reksturs félagsmiðstöðvanna. Ef það er tilgangur þingsályktunartillögunnar til hvers á þá að gera úttekt og leggja fram tillögu til útbóta ef fyrirfram er búið að gefa sér niðurstöðu þeirra?

KFUM og KFUK eru frjáls félagasamtök, æskulýðshreyfing sem starfað hefur í yfir eina öld að málefnum barna, unglínga og ungs fólks. 7-9.000 börn og unglíngar tengjast starfi KFUM og KFUK á hverju ári, í þéttbýli og í sumarbúðum þeirra, auk fullorðinna. Í starfi félaganna fær ungt fólk þjálfun í félagslegri færni, en jafnframt er lagður grunnur að trúarþroska þess og síðferðislegu gildismati sem byggir á kristinni trú. Við teljum að í því felist meðal annars hið sterka forvarnargildi starfs félaganna.

Virðingarfyllst, f.h. KFUM og KFUK,


Kjartan Jónsson,
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK í Reykjavík
Netfang: kjartan@kfum.is

KFUM og KFUK
í Reykjavík
Holtavegi 28
Pósthólf 4060
124 Reykjavík
Sími 588 88 99
Fax 588 88 40